

### 3. stjórnarfundur EBAK 23. september 2020

**Mættir:** Hallgrímur Gíslason formaður, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir varaformaður, Torfhildur Þorgeirsdóttir gjaldkeri, Garðar Lárusson ritari, Helgi Aðalsteinsson, Friðrik Vagn Guðjónsson, Eva B Magnúsdóttir Birgir Svavarsson og Sigurður Harðarson

**1. Fundarsetning. Kl: 13:05**

**2. Fundargerð síðasta fundar borin upp og samþykkt.**

**3. Viðvera.**

Torfhildur hefur verið með símatíma á miðvikudögum 15-16 meðan lokið hefur verið í Bugðusíðunni eftir hádegi. Félagsmiðstöðin verður opin eftir hádegi frá og með næstu viku og því hægt að opna skrifstofuna á ný. Torfhildur heldur áfram að vera með símatíma. Viðvera 30. september Sigurður og Úlfhildur, 7. október Birgir og Friðrik, 14. október Hallgrímur og 21. október Garðar og Helgi.

**4. Næsti stjórnarfundur.**

Stungið upp á 21. október. Samþykkt.

**5. Frá síðasta stjórnarfundum.**

a) Frá notendaráði.

Notendaráð var með fund 13. september þar sem lögð var fram greinargerð frá EBAK. Tillaga kom frá notendaráði um að skipað verði í notendaráð eins og fastanefndir EBAK. Þessi tillaga gengur ekki samkvæmt samþykktum EBAK. Hallgrímur sendi formanni notendaráðs svar og lagði til að ekkert yrði gert fyrr en nýr forstöðumaður tólmstundamála tæki til starfa um áramót og núverandi fulltrúar EBAK haldi áfram en varafulltrúi verði tekinn út þar til þessi mál eru komin á hreint.

b) Kynningarfundir EBAK.

Kynningarfundir 14. september voru bæði í Víðilundi og Bugðusíðu og voru vel sóttir.

c) Fundur öldungaráðs 31. ágúst.

Samningur tryggingastofnunar og Akureyrarbæ um rekstur öldrunarheimila. Bærinn fékk styrk til að auka félagsstarf fullorðinna. Öldungaráðið gerði athugasemd við að það vantar samráð við EBAK um hvernig þessi styrkur er notaður.

d) Skoðuð grein frá 18. september í Víkublaði sem fjallaði um hvernig Akureyrarbær úthlutar styrkum til íþróttamannvirkja á Akureyri.

e) Haustdagskrá félagsmiðstöðvanna 2020

Bæklingur var kynntur mánudaginn 21. september. Dagskráin byrjar í næstu viku. Spilamennsku verður frestað. Smíðastofan í Víðilundi er enn lokað. Halla Birgisdóttir verður falið að taka tímabundið við rekstri tólmstundamála fram til áramóta. Bjarki Ármann Oddsson hefur verið ráðinn frá áramótum.

**6. Bugðusíða. Framkvæmdir og starfsmannamál.**

Sviðið í sal er bilað og hættulegt en gengur illa að fá það lagfært. Parket á sal er ónýtt og á að skipta um það.

Önnur starfstúlkan í Bugðusíðunni hefur sagt upp og hættir um áramót. Hallgrímur og Úlfhildur hafa verið að vinna í nýjum ráðningasamningi við starfsstúlkurnar í samráði við stéttarfélag þeirra.

## **7. Fundur með fulltrúum nefnda EBAK 5. október kl. 13:00.**

Þarf að áréttta nokkur mál. T.d. skýrslur á aðalfundi. hugmynd að hafa ramma sem nefndirnar fylla inn í. Nefndirnar þurfa að gera grein fyrir fjármálum nefndanna. Ársreikningar félagsins þurfa að sýna raunverulega stöðu félagsins þ.m.t. nefndanna. Það þarf að fá verkaskiptingu innan nefnda. Á þessum fundi þarf að minnst á skipun afmælisnefndar.

## **8. Samskipti við Akureyrarbæ**

a) Endurskoðun samnings milli EBAK og Akureyrarbæjar.

Samningurinn frá 2017 rennur út um næstu áramót. Það þarf að auka starfshlutfall starfsfólks í Bugðusíðu um 50% og hækka framlag Akureyrarbæjar með tilliti til þess og launahækkunar. Styrkurinn frá bænum til launagreiðsla þarf að vera kr 9.000.000 fyrir 2021 og tryggja hækkanir næstu árin. Einnig eru nokkrar orðalags breytingar frá eldri samningi.

b) Húsnæðismál.

Hallgrímur lagði fram bréf til Akureyrarbæjar vegna húsnæðis í Bugðusíðu. Þar sem óskað er eftir viðræðum við stjórnendur Akureyrarbæjar um stækkun húsnæðis.

## **9. Málefni Búfestis.**

Deiliskipulag íbúðahverfis Búfestis er komið í auglýsingaferli. Vegna áhuga eldri borgara stefnir Búfesti á að byrja á íbúðum fyrir þá syðst á Jötunfellsreitnum.

## **10. Samgöngumál.**

Akureyrarbær hefur kynnt hugmund um frístundastrætó fyrir yngstu borgara. Eldri borgara vantar frístundastrætó sem tengir Víðilund og Bugðusíðu. Það þarf að taka upp viðræður við bæjaryfitvöld um þessi mál.

## **11. Önnur mál**

Bréf frá Heilaheill um kynningu á appi sem hentar eldri borgurum. Erindinu hefur verið beint til fræðslunefndar annars tekur stjórnin við því.

## **12. Fundi slitið kl. 15:35**